

24. september 1987

861

Nr. 451

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Jóns Axels Péturssonar og Ástríðar Einarsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. september 1987.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Jóns Axels Péturssonar og Ástríðar Einarsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóns Axels Péturssonar og Ástríðar Einarsdóttur, og er stofnaður samkvæmt ákvörðun Ástríðar Einarsdóttur ekkju Jóns Axels Péturssonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1 500 000,00 — Fimmtánhundraðþúsundkrónur. Óheimilt er með öllu að skerða höfuðstól sjóðsins, og skal einungis úthluta þeim raunvöxtum sem sjóðurinn ber á ári hverju. Engar úthlutanir verða þó úr sjóðnum fyrr en eftir dánardag Ástríðar Einarsdóttur. Til þess dags skal sjóðurinn þ. e. höfuðstóll, verðbætur og vextir fá að ávaxtast óskert.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera að styrkja hverskyns mannúðar- og líknarmál með peningaframlögum í samræmi við 2. gr laga sjóðsins. Sjóðstjórnin úthlutar styrkjum hið minnsta einu sinni á ári, en þó oftast ef henni þykir ástæða til.

4. gr.

Ástríður Einarsdóttir hefur skipað í stjórn sjóðsins eftirtalda aðila: Jón Axel Pétursson nnr: 5177-3195 til heimilis að Kaplaskjólsvégi 39 í Reykjavík, Björgvin Vilmundarsson nnr: 1305-7591 til heimilis að Hávallagötu 20 Reykjavík, Júlíus Valsson nnr. 5418-2384 nú búsettur í Svíþjóð.

5. gr.

Stjórninni er heimilt að ávaxta fé sjóðsins á hvern þann hátt sem hverju sinni gefur best samband lágmarksáhættu og hárra raunvaxta.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal kjósa með sér formann, sem skal hafa umsjón með að boða til stjórnarfundna svo oft sem nauðsynlegt þykir, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum. Fundargerðir skulu bókaðar í sérstaka gerðarbók.

7. gr.

Til þess að fjárhagslegar skuldbindingar gagnvart sjóðnum séu gildar þarf formaður auk annars stjórnarmanns hið minnsta að undirrita þær. Sjóðstjórn er heimilt að veita starfsmanni prókúruumboð.

8. gr.

Stjórnin ákveður þóknun fyrir stjórnarstörf, ef ástæða þykir til, svo og þóknun fyrir önnur störf, sem unnin eru á vegum sjóðsins.

9. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu ávallt sitja hið minnsta þrjú aðilar, og ef einhver stjórnarmanna fellur frá, eða kýs að láta af stjórnarstörfum, skulu þeir er eftir sitja hið fyrsta leita eftir nýjum aðila í stjórn, þannig að ákvæðið um þrjá menn hið minnsta verði ekki brotið.

10. gr.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi alla framkvæmd fjárveitinga úr sjóðnum, reikningshald hans og umsjón.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 206 17. apríl 1984 um gatnagerðargjöld í Reykjavík.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

Til 1. janúar 1990 skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Eigendur eignarlóða, aðrir en þeir sem borgarstjórn hefur gert sérstakan samning við, handhafar leigulóða og lóðarhafar lóða, sem borgarstjórn hefur úthlutað fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, en hafa ekki enn fengið leigulóðarsamning, geta sótt um nýbyggingar, stækkanir og breytingar húsa til byggingarnefndar skv. nýtingarhlutfalli samþykkt aðal- eða deiliskipulags. Gatnagerðargjald greiðist þennan tíma hvorki af eignarlóðum né leigulóðum, sem borgarstjórn hefur úthlutað fyrir 1. janúar 1959. Á tímabilinu 1. janúar 1989 til 31. desember 1989 skal greiða ½ gatnagerðargjald af eignarlóðum og lóðum, sem borgarstjórn hefur úthlutað fyrir 1. janúar 1959, en eftir 1. janúar 1990 skal greiða af þeim fullt gjald.

Af öðrum lóðum, sem borgarstjórn hefur úthlutað skal greiða gatnagerðargjald skv. því rúmmetragjaldi, er gildi þegar úthlutun fór fram eða þeim skilmálum er úthlutun fylgdu.

Felli byggingarnefnd úr gildi byggingarleyfi húss, byggingaráfanga eða stækkunar, skv. ákvæðum byggingarreglugerðar gr. 3.4.6., 1. mgr. eftir 1. janúar 1989 skulu gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 23. september 1987.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.